

RÁÐ UM RAFBÍLANOTKUN

- HELSTU ATRIÐI -



1. FORHITA TIL SPARNAÐAR OG ÞÆGINDA

Nota forhitun í köldu veðri til að spara orku og setjast upp í heitan bíl.



2. HAFA NÓGA HLEÐSLU

Drægni rafbíls getur breyst eftir veðri, vindum og aksturslagi. Það þarf að hugsa fyrir því í hleðslu hverju sinni.



3. ENDURHLEÐSLA OG VISTAKSTUR

Í flestum rafbílum er hægt að stilla endurhleðslu og spara þannig orku. Jafn akstur sparar líka orku og forðast ætti að vera sífellt að stöðva og taka af stað.



4. HUGA AÐ HLEÐSLU Í LOK DAGS

Það getur tekið 7-10 klst. að fullhlaða bíl í heimahleðslustöð. Muna því að stinga bílnum í samband í lok dags til að hafa nóg til næsta dags.



5. EF RAFMAGNIÐ ER AÐ VERÐA BÚIÐ

Ef mælir sýnir að rafmagnið sé að verða búið er rétt að setja á ECO-stillingu og fara strax á næsta hleðslustað. Smáforritið „Chargefinder“ sýnir næsta hleðslustað.



6. EF RAFMAGNIÐ KLÁRAST

Koma bílnum úr umferðinni og setja neyðarljósinn á. Hringja í yfirmann eða bílaumsjónarmann til að fá dráttarbíl.




RÁÐ UM RAFBÍLANOTKUN

- ÍTAREFNI -



1. FORHITA TIL SPARNAÐAR OG ÞÆGINDA

Í flestum rafbílum er hægt að stilla forhitun þannig að hún fari af stað á vissum tímum dags. Ýmist er stillt í mælaborði eða smáforriti sem fylgir bílnum. Þetta getur verið gagnlegt og gott í köldu veðri, bæði að setjast inn í heitan bíl og að ná fram meiri drægni bílsins með því að hann sé orðinn heitur þegar tekið er úr sambandi.



2. Hafa NÓGA HLEÐSLU

Í mælaborðinu sést hvað hægt er að komast langt á hleðslunni sem eftir er. Mikilvægt er að fylgjast með stöðunni því þessi tala getur breyst hratt. Það veltur á aksturlagi, veðri, farþegafjölda og farangri. Billinn eyðir meiri orku í köldu veðri, mótvindi og við skrikkjótt aksturslag. Rafbíll eyðir einnig meiri orku á langkeyrslu en í innanbæjarakstri vegna þess að þá gefst sjaldnar færi á endurhleðslu.



3. ENDURHLEÐSLA OG VISTAKSTUR

Hreyfiorka rafbíls er notuð til að hlaða inn á rafhlöðuna hluta þeirrar orku sem fer í að knýja bílinn áfram. Þetta gerist þegar hægt er á bílnum, látið renna eða bremsað. Í flestum rafbílum er hægt að stilla endurhleðsluna. Í „minnstu“ stillingu rennur billinn töluverðan spöl eftir að fótur er tekinn af orkugjöfni. Í þeirri „mestu“ staðnæmist billinn tiltölulega fljótt eftir að fætinum er lyft af orkugjöfni, svipað og við að stíga á bremsuna. Mörgum finnst þægilegt að velja mikla endurhleðslu og spara bremsurnar þá nánast alveg. Vistakstur snýst mest um aksturslag. Mikilvægt er að tileinka sér vistakstur til að draga úr losun mengandi lofttegunda, minnka eldsneytisnotkun, draga úr viðhaldskostnaði og stytta ferðatíma. Fylgjast til dæmis vel með umferðinni fyrir framan og forðast að vera stöðugt að stoppa og taka af stað.



4. HUGA AÐ HLEÐSLU Í LOK DAGS

Rafbílar Landspítala hafa aðgang að heimahleðslustöðvum spítalans sem geta hlaðið allt að 22kW. Það getur tekið 7-10 klst. að fullhlaða í heimahleðslustöð. Þess vegna þarf að stinga bílnum í samband í lok dags til að tryggja að hleðslan sé næg fyrir akstur næsta dags. Einnig er sjálfsagt að nota stopp á milli ferða til að hlaða. Ef þörf krefur er hægt að fara á hraðhleðslustöðvar ON og nota ON-lykil sem er á lykklappu bílsins.

Hleðsla í heimahleðslustöð:

- Í samband: Taka kapalinn úr farangursrými bílsins. Stinga í samband við stöðina og bílinn. Læsa bílnum.
- Úr sambandi: Aflæsa bílnum. Taka kapalinn úr sambandi við bílinn og stöðina og setja hann í farangursrýmið.

Hleðsla í hraðhleðslustöð:

- Fylgja leiðbeiningum á stöðinni. Ýta á 80% hnappinn ef þarf (það getur tekið langan tíma að hlaða frá 80% upp í 100% og því er betra að stilla stöðina á að hlaða mest upp í 80%). Ýta á „Start“ ef þarf (misjafnt eftir stöðvum). Það tekur aðeins nokkrar mínútur að sækja næga orku til að komast í heimahleðslustöðina en full hleðsla úr 0% í 80% getur tekið 30-60 mínútur.



5. EF RAFMAGNIÐ ER AÐ VERÐA BÚIÐ

Flestir rafbílar hafa þrjár aksturstillingar; ECO, Normal og Sport. Í Sport-stillingu er upptak bílsins hraðara en orkueyðslan mest. Normal-stillingin er algengust í daglegri notkun og flestir rafbílar fara sjálfkrafa á hana. Ef hleðslan er að verða búin og tæpt að komast á næsta hleðslustað er best að velja ECO-stillinguna og spara þannig orku. Til dæmis er líklegt að þá slökki á miðstöðinni.



6. EF RAFMAGNIÐ KLÁRAST

Ef hleðslan er að klárast er varað við í mælaborðinu og þá viðvörðun má ekki hunsast. Klárast hleðslan í akstri, eða því sem næst, er mjög mikilvægt að koma bílnum til hliðar á vegi og kveikja á neyðarljósunum, draga þannig úr hættu á tjóni og truflun á annarri umferð. Hringja síðan í yfirmann eða bilaumsjónarmann sem lætur kalla á dráttarbil. Mikilvægt er að muna að ekki má draga rafbílana nema þeim sé lyft upp (að framan ef billinn er framhjóladrifinn, að aftan ef billinn er afturhjóladrifinn) og því þarf dráttarbil.